

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, mánudaginn 30. nóvember var haldinn 49. fundur menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs, aukafundur. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og hófst hann kl. 09:08. Viðstöðd voru: Híalmar Sveinsson, Pawel Bartoszek, Elín Oddný Sigurðardóttir, Ellen Calmon, Ragnhildur Alda Vilhíalmsdóttir varamaður fyrir Jórinni Pálu Jónasdóttur, Katrín Atladóttir og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL, Arna Schram sviðsstíóri menningar- og ferðamálasviðs og Arna Kristín Sigfúsdóttir verkefnastjóri hjá menningar- og ferðamálasviði sem skrifaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram til afgreiðslu minnisblað vegna fundar faghóps Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavík, dags 26. nóvember 2020 ásamt uppfærðum verklagsreglur um úrbótasjóðinn. RMF19080009.

Uppfærðar verklagsreglur samþykktar.

Tillögur faghóps um úthlutun og viðspyrnusjóð samþykktar.

María Rut Reynisdóttir verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

- Kl. 09:24 víkja Arna Schram og Erling Jóhannesson af fundinum.
- Kl. 09:36 tekur Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR sæti á fundinum.

2. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna íþróttastarfs í Covid.

Svohljóðandi breytingartillaga ráðsins lögð fram og samþykkt:

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð samþykkir að ÍBR og ÍTR verði falið að skila tillögum í samræmi við sóttvarnarreglur um hvernig er hægt að koma á skipulögðu íþróttastarfi í samstarfi við skóla- og frístundasvið þegar samkomutakmarkanir eru í gildi vegna COVID-19 og koma í veg fyrir brottfall.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Rannsóknir sýna að skipulagt íþróttastarf hefur jákvæð áhrif á líðan barna og mikið forvarnargildi. Börn sem eru virk í skipulögðu íþróttastarfi líður betur, vinna betur í hóp og eru ólíklegri til að neyta vímuefna. Þegar er farið að bera á brottfalli og það þarf ekki að fjölyrða um hversu slæmar afleiðingar það mun hafa fyrir framtíðina. Faraldurinn er ekki að hverfa úr okkar daglega lífi á næstunni. Það er því mikilvægt að finna lausnir til að halda þessu starfi gangandi þegar upp koma tímabil þegar þarf að takmarka blöndun barna á milli skóla. Íþróttastarf barna er nefnilega eitt mikilvægasta lýðheilsamálið.

Fundi slitið kl. 09:52

Híalmar Sveinsson

Pawel Bartoszek
Elín Oddný Sigurðardóttir
Baldur Borgþórsson

Ellen Calmon
Katrín Atladóttir
Ragnhildur Alda Vilhíalmsdóttir